



## „Þetta þarf að virka hratt og örugglega“: Áskoranir við að þróa aðferðir sem meta nám og vellíðan barna í leikskóla

Linda R. Jóhannsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir

► Abstract    ► Um höfundana    ► About the authors    ► Heimildir

Greinin fjallar um ferli starfendarannsóknar í einum af fimm leikskólum, á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, sem tóku þátt í samstarfsrannsókn sem var samvinnuverkefni við Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng). Þátttakendur í þessum hluta rannsóknarinnar voru þrír starfsmenn á elstu deild leikskólans ásamt leikskólustjóra. Markmið hennar var að þróa aðferðir sem meta nám og vellíðan barna í leikskólanum. Farin var sú leið að skrá námssögur eða gera uppeldisfræðilegar skráningar sem eru matsaðferðir sem beina sjónum að getu, hæfni og áhuga hvers barns, eins og *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) kveður á um að eigi að framkvæma. Einnig var varpað ljósi á hugmyndir starfsfólksins um mat, hvernig mat í leikskólastarfi ætti að fara fram og hvað væri mikilvægt að meta. Gagna var aflað með einstaklingsviðtölum og reglulegum fundum í formi hópsamtala yfir eitt skólaár þar sem uppeldisfræðilegar skráningar voru gjarnan notaðar til umræðu.

Niðurstöður leiddu í ljós að þátttakendur töldu að félagsfærni og góð samskiptafærni ættu að vera helstu áherslur í námi leikskólabarna. Þær matsaðferðir, sem nýttar voru í leikskólastarfinu, beindust hins vegar að því að meta þætti eins og málþroska barna. Áskoranir við að innleiða skráningar í leikskólastarfið voru töluverðar. Þátttakendur upplifðu að skipulag skráninganna væri óljóst, til dæmis varðandi hvað ætti að koma fram í skráningunni og hvernig framsetning hennar ætti að vera. Þeir upplifðu einnig tímaskort til að skrá og ígrunda saman. Þátttakendur töluðu um að skráning af athöfnum barnanna væri enn eitt verkefnið sem bættist í amstur dagsins en erfiðlega gekk að gera skráningar að daglegum hluta leikskólastarfsins. Fáar skráningar voru gerðar í rannsóknarferlinu en áhrif þátttökunnar á starfsfólk voru meira í formi hugarfars- og viðhorfsbreytinga gagnvart börnum og mati á námi og líðan þeirra. Niðurstöður benda til þess að þörf sé á viðhorfsbreytingu gagnvart aðferðum til að meta nám og vellíðan barna ef takast á að uppfylla þau skilyrði sem *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) setur.

**Efnisorð:** Leikskólastarf, mat, skráningar, nám, vellíðan

## Inngangur

Að meta nám leikskólabarna ásamt því að ýta undir líkamlega og andlega vellíðan þeirra eru þættir sem *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) kveður á um. Ný Aðalnámskrá kom út árið 2011 og er henni ætlað að vera leiðarvísir fyrir starf leikskóla og sáttmáli í þágu barna sem byggist á að styðja eigi við öll börn með hagsmuni þeirra og velferð að leiðarljósi. Þar segir að í mati á námi barna þurfi að beina sjónum að getu, hæfni og áhuga þeirra. Á sama tíma og leiðarvísir leikskóla og stefnumótunin er í þessa veru má sjá sjónarmið sem virðast í andstöðu við þetta. Í nýlegum skýrslum OECD (2011, 2015) má til að mynda sjá aukna áherslu á aðferðir sem hafa það að markmiði að meta frammistöðu (e. outcomes) barna í ákveðnum afmörkuðum þáttum og næmni varðandi áhrif félagslegra aðstæðna á hvert og eitt barna (Moss o.fl., 2016). Í leikskólum landsins ættu því að vera notaðar fjölbreyttar matsaðferðir sem hafa mismunandi tilgang og taka oft mið af stefnu og hugmyndafræði hvers leikskóla.

Starfsfólkið sem tók þátt í þessari rannsókn var sammála um að helstu áherslur leikskólustarfs ættu að beinast að því að efla félags- og samskiptafærni barna. Þrátt fyrir það notaðist starfsfókið aðallega við aðferðir sem mæla að mestu leyti þætti í tengslum við málþroska barna. Notast var meðal annars við skimunarprófin HLJÓM-2 og TRAS (n. tidlig registrering af språkundervisning) ásamt því að styðjast við lestrarþjálfunarkerfið PALS (e. peer-assisted learning strategies) sem er hugsað sem lestrarundirbúningur og stafainnlögn (Anna-Lind Pétursdóttir og Kristín Ólafsdóttir, 2016; Menntamálastofnun, 2016a, 2016b). Rétt er að taka fram að í skimunarprófinu TRAS snýr einn af þremur hlutum matsaðferðarinnar að samskipta- og félagsfærni, tjáskiptum og samskiptum auk athygli og einbeitingar. Hins vegar er megintilgangur TRAS að leggja mat á málþroskavanda barna á leikskólaaldri með því að athuga og skrá þróun máls hjá þeim yfir lengri tíma í þeim tilgangi að beita snemmtækri íhlutun ef þörf er á (Espenakk, Horn og Færevaa, 2011). Það benti því til þess að þær matsaðferðir sem notaðar voru í leikskólanum væru ekki í takt við það sem starfsfólkið taldi mikilvægt að leggja áherslu á. Mætti því segja að skerpa þurfi á matsaðferðum sem meta þá þætti í þroska barna sem starfsfólkið telur mikilvægasta og velur að nýta tíma sinn í daglegu starfi leikskólans til að framkvæma.

Þrátt fyrir að átta ár séu liðin frá útkomu Aðalnámskrár leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) er líklegt að víða eigi leikskólar í erfiðleikum með að innleiða ýmsa þætti hennar í leikskólustarfið, eins og *mat á námi og vellíðan barna*. Því er mikilvægt að starfsfólk leikskóla gefi sér tíma til starfsþróunar sem ýtir undir tengsl fræða og starfs ásamt því að skapa vettvang til að þróa starfshætti, fagmennsku og lærdómssamfélag innan leikskóla. Aðferðir starfendarannsókna geta verið ein leið til þess.

Í þessari grein er sagt frá starfendarannsókn þar sem markmiðið var að innleiða *mat á námi og vellíðan barna*, annaðhvort í gegnum uppeldisfræðilegar skráningar (e. pedagogical documentation) (Rinaldi, 2006) eða námssögur (e. learning stories) (Carr, 2011). Markmið þess konar mats er að gera nám barna sýnilegt og um leið að meta framlag umhverfisins, barnahópsins og starfsfólks leikskólans í leik og námi (Carr, 2011; Rinaldi, 2006). Tilgangur rannsóknarinnar var að veita starfsfólki leikskólans stuðning og leiðsögn við að innleiða mat sem mætir kröfum Aðalnámskrár leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Í greininni er rætt hverjar áskoranir af framkvæmd mats í formi skráninga geta verið fyrir starfsfólk leikskóla ásamt því að draga fram sjónarmið starfsfólks um hvað sé mikilvægt að meta hjá leikskólabörnum. Því næst er greint frá þátttakendum og rannsóknarspurningum. Í niðurstöðum kemur fram hvernig hugmyndir þátttakenda um *mat á námi og vellíðan barna* breyttust, hvaða áskoranir þeir upplifðu og hvaða áhrif ferli rannsóknarinnar hafði á fagmennsku þeirra. Að lokum eru umræður og samantekt þar sem helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru ræddar og settar í samhengi við fyrri skrif um efnið.

## Mikilvægi skráninga fyrir starfsfólk leikskóla og ígrundunar á eigin starfsháttum

Sjónarmið og upplifun starfsfólks leikskóla af því að framkvæma skráningar í leikskólastarfi hafa verið rannsökuð hér á landi og erlendis (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Buldu, 2010; Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015; Rintakorpi, 2016). Þær rannsóknir hafa sýnt að mat í leikskólastarfi eins og uppeldisfræðilegar skráningar og námssögur geta haft töluvert gildi fyrir þróun fagmennsku leikskólastarfsfólks vegna þess að það krefst þess að starfsfólk spyrji sig krefjandi spurninga í tengslum við starf sitt. Með því að skrá athafnir barna upplifir starfsfólk leikskóla að það öðlist dýpri skilning á sjónarmiðum barna og eigin aðferðum í starfi. Því finnst það geta sett sig betur í spor barnanna ásamt því að fá betri innsýn í hugmyndir og aðferðir þeirra með því að hlusta, lesa í og túlka fjölbreytilega tjáningu þeirra. Starfsfólki finnst að því hafi tekist að virða hugmyndir barna betur með því að styðja við lærdómsferli þeirra án þess að leita eftir fyrir fram ákveðinni niðurstöðu (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Buldu, 2010; Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015). Í rannsókn Kristínar Karlsdóttur og Önnu Magneu Hreinsdóttur (2015), þar sem starfsfólk leikskólans skráði námssögur, kom jafnframt fram að samskipti leikskólastarfsfólks við börnin væru orðin jákvæðari en þau hefðu áður verið. Í áður nefndum rannsóknum var allt starfsfólk sammála um að skráningar hefðu aukið fagmennsku þeirra. Með því átti það meðal annars við að það ræddi meira saman en áður og einkenndust samræður þess um starfið og börnin af annars konar áherslum; smáatriði urðu til dæmis merkilegri og uppgötvanir og nám, sem áður voru dulín, komu betur í ljós (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015). Þar að auki gerði ferli skráninganna starfsfólki kleift að rýna í eigin starfshætti og þannig gera það meðvitaðra um þá (Buldu, 2010; Rintakorpi, 2016).

Ígrundun (e. reflection) meðal þátttakenda í starfendarannsóknunum er talin nauðsynleg til þess að starfsþróun geti átt sér stað (Koshy, 2009; Luttenberg, Oolbekkink-Marchand og Meijer, 2018) og undirstrika niðurstöður þeirra starfendarannsókna, sem vísað er í hér að ofan, það. Ígrundun á eigin starfsháttum er þó ekki alltaf einföld. Þegar ígrundun á sér stað felur hún í sér að hver starfsmaður verði meðvitaðri um faglega þekkingu sína og hvers vegna hann framkvæmi eins og hann gerir og geti svo nýtt þá vitneskju til að gera breytingar á starfi sínu. Ígrundun felur þannig í sér að starfsmaðurinn sé meðvitaður um það sem á sér stað og gerir á sama tíma kröfu um að hann líti til baka yfir líðna atburði og reyni að koma auga á mikilvæg augnablik og hugmyndir sem hreyfa við núverandi skoðunum hans eða starfsháttum. Þannig er gjarnan litið á ígrundun sem vettvangur til að tengja saman fræðileg skrif og leikskólastarf (Luttenberg, Oolbekkink-Marchand og Meijer, 2017). Nýleg rannsókn Alnervik (2018) í Svíþjóð, þar sem leikskólakennarar unnu að því að innleiða skráningar í starf sitt, sýndi að vettvangur fyrir þátttakendur til að ræða saman og ígrunda skráningar, sem þeir höfðu framkvæmt, var nauðsynlegur hluti af skráningar- og starfsþróunarferlinu. Ástæðan var sú að þar skapaðist vettvangur fyrir þátttakendur til að túlka nám barna frá ólíkum sjónarhornum og víkka þannig sjóndeildarhring sinn í gegnum hlustun og samræður.

Mat á námi barna í gegnum skráningar veitir starfsfólki leikskóla þessi tækifæri og bendir Buldu (2010) á að í gegnum það að ígrunda skráningar af athöfnum barna skapist lærdómssamfélag (e. learning community). Í lærdómssamfélagi fær starfsfólk tækifæri til að þróa og gera breytingar á starfsháttum sínum vegna þess að það fær viðbrögð frá samstarfsfélögum sínum um það sem á sér stað í skráningum á athöfnum barna. Þannig koma fleiri sjónarmið og hugmyndir fram í dagsljósið og hugur hvers og eins starfsmanns fær tækifæri til að meðtaka nýjar og annars konar hugmyndir. Alnervik (2018) bendir jafnframt á að með því að skapa leikskólasamfélag, sem byggist á vinnubrögðum sem þessum, geti það leitt til þess að starfsfólk verði áhugasamara um athafnir barna og ýti undir forvitni þeirra. Á sama tíma eykst vilji starfsfólksins til að þroskast í starfi þar sem forvitni og áhugi styðja með markvissum hætti við áframhaldandi þekkingarleit barna.

## **Skóðanir leikskólakennara á því hvers konar færni sé mikilvægt að börn tileinki sér á leikskólaaldri**

Þekking á því hvað er nauðsynlegt fyrir börn að læra í leikskóla er sífellt að þróast og kallar það á gagnrýna umræðu um hvaða færni sé nauðsynlegt að kenna ungum börnum. Að styðja við félagsþroska barna og koma á fót vinasamböndum hafa ávallt þótt mikilvægir þættir í leikskólastarfi (Kemple, 2004). Þessar áherslur eru undirstrikaðar í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) þar sem segir að almenn menntun eigi að auka hæfni einstaklingsins til að takast á við áskoranir daglegs lífs. Almenn menntun á einnig að efla skilning einstaklingsins á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Hæfni er meira en þekking og færni, hún felur meðal annars í sér viðhorf, tilfinningar, félagsfærni og frumkvæði. Starf íslenskra leikskóla ætti því að einkennast af námi sem ýtir undir þessa hæfniþætti og þarf mat á námi barna þar af leiðandi að beinast að þeim. Rannsóknir sýna að leikskólakennarar taka undir mikilvægi þess að styðja við félagsþroska barna á leikskólaaldri og telja að leggja þurfi áherslu á að efla félags- og tilfinningafærni barna fremur en að einblína á færni sem stuðlar að aukinni bóknámsgetu (e. academic learning), svo sem mál-, lestrar- og stærðfræðigetu (Hollingsworth og Winter, 2013; Lee, 2006). Jafnframt sýna rannsóknir (Lara-Cinisomo, Fuligni, Daugherty, Howes og Karoly, 2009; Lee, 2006) að leikskólakennarar telja mikilvægt að börn læri í gegnum leik, þar á meðal hlutverkaleik, sem fari fram í öruggu og hvetjandi umhverfi.

## **Áskoranir við framkvæmd skráninga**

Skráningar krefjast þess að þær séu ígrundaðar og túlkaðar og bendir Rinaldi (2006) á að athyglin beinist ekki eingöngu að barninu heldur ekki síður að starfsháttum þess sem skráir. Telur hún að skráningin segi í raun mikið um þekkingu, viðhorf og hugmyndir þess sem skráir. Skráningar geta því jafnframt verið verkfæri til sjálfsskoðunar af hálfu leikskólakennarans og skráningarferlið getur haft í för með sér jákvæða þætti fyrir bæði barn og leikskólakennara. Hindranir, eins og að leikskólakennarar upplifi að erfitt sé að finna tíma til að skrá, átta sig á hvað eigi að skrá og hvernig eigi að vinna úr skráningunum, hafa þó einnig komið fram (Buldu, 2010). Þetta eru þættir sem geta skert gildi skráninga töluvert því að án ígrundunar, túlkunar og framsetningar skráninga út frá því sem barnið tekst á við hverju sinni, þá er skráningin í raun aðeins falleg saga.

Rannsóknir benda jafnframt til þess að starfsfólk leikskóla sé gjarnan fast í leit að réttu leiðinni til að skrá (Holmberg, 2015; Lindgren-Eneflo, 2014) sem bendir til þess að starfsfólk sé í raun óöruggt um hvernig það geti túlkað athafnir barna sem það skráir (Alnervik, 2018). Rannsóknir frá Finnlandi og Noregi sýna að áskoranir, sem leikskólakennarar þar upplifa sig standa frammi fyrir við framkvæmd skráninga, séu meðal annars tímaskortur, erfiðleikar við að tileinka sér skráningaraðferðir (Alvestad og Sheridan, 2015; Rintakorpi, 2016), tæknileg vandamál og skortur á tæknilegri færni leikskólakennaranna (Rintakorpi, 2016). Finnsku leikskólakennararnir upplifðu til að mynda að mat í formi skráninga væri ekki metið að verðleikum og þeim gæfist þar af leiðandi lítill tími til að skoða ljósmyndir, færa þær af myndavélum yfir í tölvur og deila þeim með foreldrum. Jafnframt upplifðu leikskólakennararnir að þeir fengju ekki nægan tíma til að tileinka sér ný vinnubrögð, ræða saman, skoða sameiginlega hvernig best væri farið að því að framkvæma skráningar sem og að flétta þær inn í daglegt starf leikskólans. Finnsku leikskólakennurunum fannst einnig erfitt að meta hvaða aðstæður væru ákjósanlegar fyrir skráningar ásamt því að þeim reyndist erfitt að stýra ákveðnum stundum með börnunum og ætla á sama tíma að skrá athafnir þeirra (Rintakorpi, 2016). Fyfe (2012) tekur undir þetta og greinir frá því að margir leikskólakennarar upplifi að ein helsta hindrun í tengslum við skráningarferlið sé að finna og skipuleggja tíma fyrir ígrundun og úrvinnslu. Jafnframt hefur tíminn, sem fer í úrvinnslu skráninga, verið nefndur sem hindrun fyrir því að skráningar verði eðlilegur hluti af leikskólastarfi. Með því er átt við að starfsfólk leikskóla upplifi að þeim tíma, sem fer í úrvinnslu skráninga, sé betur varið í starf með börnunum.

Samskipti starfsfólks við börn, meðan það framkvæmir skráningar, geta einnig verið margslungin og jafnvel flókin. Niðurstöður rannsóknar Emilson og Samuelsson (2014) draga upp áhugaverða mynd af því. Þar var sjónum beint að skráningum leikskólakennara í ólíkum aðstæðum í leikskólastarfinu og lagt upp með að reyna að fanga það sem einkenndi samskipti leikskólakennara og barns í aðstæðunum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að annars vegar voru framkvæmdar skráningar, þar sem lítil eða engin samskipti voru milli leikskólakennara og barns (e. documentation – no communication), og hins vegar skráningar sem innihéldu lífleg samskipti þeirra á milli en samskiptunum var samt sem áður stýrt að miklu leyti af leikskólakennaranum (e. documentation – directed communication). Þessar niðurstöður eru umhugsunarverðar því eitt af markmiðum skráninga er að stuðla að gagnkvæmum og jákvæðum samskiptum milli leikskólakennara og barna. Því er mikilvægt að samskipti barna og leikskólakennara við framkvæmd skráninga séu ávallt styðjandi án þess að vera of stýrandi (Emilson og Samuelsson, 2014). Einnig skiptir máli að skapa andrúmsloft þar sem börnum líður vel, þau finni að tilgátur þeirra fái hljómgrunn og upplifi hvatningu og virðingu af hálfu leikskólakennarans gagnvart athöfnum sínum (Rinaldi, 2006).

Í rannsókninni, sem hér er til umfjöllunar, völdu þátttakendur skráningaraðferð sem var vel til þess fallin að meta nám og vellíðan barnanna í leikskólanum. Flestum þátttakendunum þótti skráning námssagna flóknari en uppeldisfræðilegar skráningar. Þeir völdu því að byrja á að æfa sig í að skrá og vinna úr skráningum í anda uppeldisfræðilegra skráninga.

## Þátttakendur og rannsóknarspurningar

Í þessum hluta rannsóknarinnar verður fjallað um leikskólann Starraborg (dulnefni), sem er einn af þeim fimm leikskólum sem sóttu um þátttöku í rannsókninni. Starraborg er fjögurra deilda leikskóli og starfar, samkvæmt skólanámskrá, eftir hugmyndafræði heimspekingsins Johns Dewey. Hugmyndafræði hans byggist á því að börn séu virk og forvitin að eðlisfari, læri af eigin reynslu og skynji nám sitt á sinn eigin hátt. Dewey taldi að virkja ætti forvitni barnsins, vekja áhuga þess og efla gagnrýna hugsun. Skapa þyrfti börnum örvandi uppeldisumhverfi og leikskólakennarar ættu að nýta eigin þekkingu og reynslu til að kveikja áhuga barna og hvetja þau til rannsókna og upplýsingaleitar því að þannig ykju þau við þekkingu sína (Gunnar E. Finnbogason, 2010; Jóhanna Einarsdóttir, 2010). Leikskólastjóri Starraborgar, sem óskaði eftir þátttöku í rannsókninni, sá um að velja þátttakendur innan leikskólans í rannsóknina. Þátttakendur voru þrír starfsmenn af elstu deild leikskólans ásamt leikskólastjóra. Menntun og reynsla þátttakenda var mismunandi. Steinunn var leikskólakennari og gegndi stöðu deildarstjóra, Heiðrún grunnskólakennari, Ásta leiðbeinandi og Ólöf leikskólastjóri. Nöfn þátttakenda eru dulnefni.

Þessir fjórir starfsmenn ætluðu í samstarfi við höfunda þessarar greinar að rýna í starfshætti sína og leita leiða til að innleiða í starf leikskólans *mat á námi og vellíðan barna* með skráningum. Rannsóknarspurningar, sem leitast var við að svara í rannsókninni, voru:

- Hverjar eru áskoranir starfsfólksins í leikskólanum Starraborg við innleiðingu á nýju mati í leikskólastarfi?
- Hver er ávinningur starfsfólksins af innleiðingarferlinu?

## Gagnaöflun

Í þessari grein er fjallað um samstarfsrannsókn sem var samvinnuverkefni Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, utan Reykjavíkur. Aðferðafræði starfendarannsóknar var notuð til þess að þróa aðferðir við að meta nám og vellíðan barna í einum leikskóla. Eitt af markmiðum samstarfsrannsóknarinnar var að starfsfólk af vettvangi leikskóla, meistaraneimi og háskólakennari ynnu saman og sköpuðu saman þekkingu á viðfangsefninu. Sú þekking ætti að gagnast öllum þátttakendum en ekki síst börnunum sem eru þátttakendur í daglegu starfi leikskólans (Jóhanna Einarsdóttir, 2013, 2016).



Gagnaöflun fór fram á tímabilinu nóvember 2017 til maí 2018 í gegnum einstaklingsviðtöl og reglulega fundi í formi hópsamtala við þátttakendur. Einstaklingsviðtöl voru tekin við alla þátttakendur, annars vegar í upphafi rannsóknar að hausti og hins vegar í lok hennar að vori. Tilgangur með þeim var meðal annars að nálgast hugmyndir þátttakenda um *mat á námi og vellíðan barna*, hvernig þeim fyndist að mat ætti að fara fram í leikskólastarfi, með hvaða aðferðum og hvernig mat hefði verið framkvæmt á deildinni. Viðtölin að hausti og vori voru svo borin saman til að greina hvort og þá hvernig viðhorf eða hugmyndir þátttakenda hefðu breyst. Hópsamtöl fóru fram átta sinnum á þessu sjö mánaða tímabili, það er um einu sinni til tvisvar í mánuði. Hópsamtölin voru hugsuð sem vettvangur til að ræða um rannsóknina, fá upplýsingar um upplifun og framgang ferlisins hjá hverjum þátttakanda og hópnum sem heild hverju sinni. Til þess að fá sem besta mynd af rannsóknarferlinu mætti rannsakandi með spurningar og umræðupunkta sérsniðna fyrir hvert samtal. Auk þess voru einstaka skráningar þátttakenda af leik barna ræddar í sumum hópviðtalanna sem leið til að vekja þátttakendur til umhugsunar og hvetja þá til að leita að getu, færni og hæfni barnanna í athöfnum sínum. Í þessum hópsamtölum var einnig ígrundað og endurmetið ásamt því sem þátttakendur settu sér áframhaldandi markmið sem þeir töldu líkleg til að stuðla að starfsþróun sinni. Öll einstaklingsviðtöl og hópsamtöl voru hljóðrituð og afrituð orðrétt svo hægt væri að greina ítarlega sjónarhorn, vangaveltur og upplifun hvers og eins þátttakanda.

## Gagnagreining

Gagnagreining fór fram í gegnum allt rannsóknarferlið. Eftir hvert einstaklingsviðtal, sem var afritað jafnóðum, voru gögnin greind út frá sjónarhorni meistaránema. Hann las yfir viðtölin og skráði hjá sér hugmyndir sínar og vangaveltur sem nýttust til þess að þróa ferli rannsóknarinnar. Í kjölfar hvers hópsamtals með þátttakendum voru gögnin ígrunduð og teknar saman spurningar og umræðupunktar fyrir næsta samtal með þátttakendum. Að lokum, eftir að öll gögnin höfðu verið afrituð, var rýnt í þau að nýju og unnið frekar úr þeim. Við úrvinnslu voru gögnin marglesin, kóðuð, greind og túlkuð með það fyrir augum að greina þemu, sem væri hægt að flokka rannsóknargögnin í, og geta svarað rannsóknarspurningunum (Lichtman, 2013). Þemun, sem greind voru, voru breytingar á hugmyndum og viðhorfum þátttakenda til mats á námi og vellíðan barna, gildi rannsóknarinnar fyrir þátttakendurna, áhrif sem þátttakan hafði á þá auk áskorana sem fylgdu því að innleiða nýja starfshætti í starf leikskólans.

## Niðurstöður

### Staðan í upphafi

Hugmyndir starfsfólks deildarinnar um aðferðir sem meta nám og vellíðan barna tengdust aðallega skímunum eða prófum á börnum með stöðluðum matslistum. Starfsfólkið var sammála um að félagsfærni og góð samskipti væru það sem skipti máli að leggja upp með að kenna börnunum í leikskólanum. Steinunn deildarstjóri orðaði það á þennan hátt:

Félagsfærnina vill maður náttúrulega sjá góða hjá börnum og góð samskipti, og maður náttúrulega leggur mikið upp úr því og hvernig þeim líður. Mér er alveg sama hvað hver segir en þá finnst mér félagsfærni og samskipti mikilvægasti þátturinn í leikskólastarfinu.

Steinunni fannst matið eiga að vera stöðugt og taldi sig sífellt vera að meta og lesa í barnahópin þrátt fyrir að skrifa það ekki allt niður. Þegar hún var spurð að hverju sjónum væri beint í svona stöðugu mati taldi hún þær beinast að líðan barnanna og draga fram hvernig börnin þroskuðust og eflust. Ásta tók undir með Steinunni um mikilvægi góðrar félagsfærni og taldi það undirstöðu farsællar skólagöngu. Hún taldi jafnframt að nauðsynlegt væri að byggja leikskólastarf og *mat á námi og vellíðan barna* á áhugasviði barnanna og því sem börn hefðu að segja. Heiðrún var óviss um hvernig hægt væri að meta nám og vellíðan barna og taldi það líklega vera frekar erfitt viðureignar. Allar voru þær heldur óvissar um hvers konar aðferðum væri hægt að beita til að

meta félags- og samskiptaferni barna. Af svörum þeirra má þó greina að mat á félagsferni barna hafi mestmegnis farið fram í formi samræðna, þá einna helst á deildarfundum.

Hugmyndir leikskólastjórans um hvað fælist í mati á námi og vellíðan barna voru töluvert skýrari en annars starfsfólks deildarinnar sem tók þátt í verkefninu. Með skýrari er átt við að hann svaraði öruggur að hugmyndir hans tengdust því að nota fjölbreyttari matsaðferðir en áður höfðu verið notaðar. Hann taldi leikskólann, hingað til, hvorki hafa haft matstæki til þess að meta nám barna né líðan þeirra í leik og daglegu starfi fyrr en hann hefði lesið sér til um námssögur og uppeldisfræðilegar skráningar. Hann var hrifinn af þessum aðferðum en áleit jafnframt að skráningar sem þessar gætu verið flóknar því þær væru mjög huglægar. Leikskólastjórinn var þó sammála Steinunni, Ástu og Heiðrúnu um að á deildarfundum væru sífellt metnir þættir eins og hvernig gengi og hvað væri hægt að gera til að hjálpa börnum að líða betur. Að sögn leikskólastjórans hafði ekki verið mikil hefð fyrir mati í leikskólanum og síðastliðin ár hafði hann verið að reyna að breyta þeirri menningu í samræmi við kröfur Aðalnámskrár leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Nokkrar matsaðferðir væru þó í notkun. Þær væru HLJÓM-2 sem er aldursbundin skimun sem metur hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskóla (Menntamálastofnun, 2016a) og unnið væri að innleiðingu TRAS í leikskólann í heild, en það er skráningarlisti sem er notaður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna ásamt því að hægt er að bera kennsl á frávik í félagsþroska barna með snemmtæka íhlutun í huga (Menntamálastofnun, 2016b). Einnig væri notast við verkfærið PALS sem er kennsluáðferð til að efla hljóðkerfisvitund, samvinnunám og lestrarkennslu og skiptist í flokka eftir aldri (Anna-Lind Pétursdóttir og Kristín Ólafsdóttir, 2016). Af þessu má sjá að þær matsaðferðir sem notaðar voru í leikskólanum voru ekki í samræmi við hugmyndir starfsfólksins um hvað ætti að leggja megináherslu á í leikskólastarfinu.

## Skráningar á athöfnum barna og hvað svo?

Fljótlega eftir að ferlið hófst byrjuðu vangaveltur meðal starfsfólksins og leikskólastjórans um úrvinnslu skráninga; hvort skráning ætti aðeins að vera texti eða með ljósmyndum til stuðnings og hvernig skráningin yrði sýnileg fyrir starfsfólk leikskólans jafnt sem barnið og foreldra þess. Auk þess velti starfsfólkið fyrir sér hvernig hægt væri að greina það sem það kæmi auga á í leik barnanna, hvað ætti að koma fram í skráningunni og hvað ætti að gera ef eitthvað neikvætt kæmi upp í samskiptum barnanna meðan athafnir þeirra væru skráðar.

Þegar þessar hugsanir komu fram var aðeins deildarstjórinn búinn að skrá athafnir barna í leik. Óvissa um hvernig ætti að vinna úr því sem yrði skráð virtist því draga úr því að annað starfsfólk deildarinnar þyrði að stíga skrefið og byrja að skrá athafnir barna. Þrátt fyrir þessar vangaveltur ríkti í upphafi ferlisins jákvætt viðhorf til skráninga meðal meirihluta starfsfólksins. Steinunn, deildarstjóri, sagði til dæmis að henni fyndist ekkert mál að skrá, það væri úrvinnslan sem vefðist fyrir henni. Leikskólastjórinn bætti þá við: „Það er mjög gaman að skrá. Það er ofboðslega gaman að fylgjast með börnum. Maður uppgötvar oft eitthvað sem maður vissi ekki af eða hélt annað. Þó það sé ekkert alltaf.“ Steinunn tók undir með leikskólastjóranum og taldi sig rýna meira í athafnir barnanna og verða fyrir vikið meðvitaðri um hvað þau væru að takast á við þegar hún settist og einbeitti sér eingöngu að því að skrá frekar en að standa á hliðarlínunni. Úrvinnslan yrði þó að vera einföld og taka stuttan tíma.

Mér finnst að það verði að vera einfalt að vinna úr þessu. Eins og í gær, ég var í fjóra tíma í undirbúningi. Var alveg með bunka af verkefnum sem ég svona slumpaði af og ætlaði að fara að setja þetta [skráninguna] inn í tölvu og það var alveg vonlaust, sko. Þá sá ég hvað maður hefur í rauninni ofboðslega lítinn tíma. Ásta hefur engan undirbúning skilurðu. Fimm tímar á viku er ekki mikið í alla hluti og þetta líka. Þannig að þetta verður að virka hratt og örugglega.

Ákveðið var því að stíga lítið skref til baka með það að leiðarljósi að búa til sameiginlegt markmið um hvenær væri hægt að skrá, við hvaða aðstæður og loks hvaða færni starfsfólkinu myndi mikilvægt að börn lærðu og tileinkuðu sér í leikskólanum. Starfsfólkið ákvað að skrá athafnir barna í leik með opinn efnivið eins og holukubba, einingakubba og föt. Þeim fannst tækifæri til skráninga vera alla daga vikunnar, bæði fyrir og eftir hádegi, svo dagskipulagið ætti ekki að setja þeim skorður við að skrá. Jafnframt var rætt um að engin ein ákveðin leið væri rétt við úrvinnslu skráninga. Hver starfsmaður eða starfsmannahópur í leikskóla þyrfti að finna út hvaða leið hentaði sínum leikskóla og starfinu þar. Þá sagði Steinunn: „Mér fannst rosalega gott að heyra að það væri ekki til nein ein lausn. Það er svo auðvelt að fara í svona tilbúinn farveg.“ Því var lagt upp með að næsta skref yrði að gefa sér tíma til þess að prófa að skrá og vinna úr einni skráningu á næstu vikum þar sem leitast væri við að skrá styrkleika barnanna, hvað þau gerðu og gátu, hvernig samskipti þau áttu og hvaða hugmyndir og tilgátur þau settu fram.

## Að ígrunda með öðrum

Þegar nokkrar vikur höfðu liðið höfðu tveir af fjórum þátttakendum verkefnisins skráð athafnir barna í frjálsum leik en ekki ígrundað skráningarnar í einrúmi eða með öðrum. Starfsmannahópurinn nýtti því tækifærið í hópsamtali með meistaranema og ígrundaði sameiginlega skráningu sem Steinunn, deildarstjóri, hafði framkvæmt. Skráningin var af aðstæðum, samskiptum og athöfnum nokkurra barna sem léku sér með holukubba. Eftir að skráningin hafði verið lesin fyrir starfsmannahópurinn var byrjað að ígrunda og greina út frá því hvað eitt barnanna gerði í leiknum. Skráningin var greind út frá spurningum:

- Hvað gerir barnið?
- Hvað getur barnið?
- Hvaða hugmyndir og tilgátur koma fram?

Í samræðunum drógu Steinunn, deildarstjóri, og Ólöf, leikskólastjóri, fram hvernig barnið byggði og gerði tilraunir. Þær töluðu um að barnið væri hugmyndaríkt, athafnasamt og hefði góðar grófhreyfingar sem birtust meðal annars í klifri. Barnið gerði tilraunir og prófaði að setja reglur í leiknum. Það sýndi leiðtogaþæfileika með því að koma með hugmyndir að framgangi leiksins en jafnframt sveigjanleika og vilja til að fara eftir hugmyndum annarra. Barnið nýtti sinn eigin reynsluheim sem uppsprettu leiks, byggði sér meðal annars bíl og notaði spýtur fyrir hækjur. Þeim fannst flóknara að átta sig á hvaða tilgátur hefðu komið fram hjá barninu en í gögnunum mátti sjá að þær nefndu hvernig tilgátur barnsins hefðu til dæmis komið fram í gegnum tilraunir þess með að nota spýtur fyrir hækjur. Gögnin gefa því vísbendingar um að orðið tilgátur og merking þess hafi vafist fyrir þeim frekar en að geta ekki komið auga á tilraunir og hugmyndir barnsins. Undir lok samtalsins voru Steinunn og Ólöf sammála um að þessi skráning hefði sýnt þeim að barnið hefði góða samskipta- og félagsfærni sem Ólöf sagði vera „dálítið merkilegt því að óreyndu hefði mér ekki dottið í hug að þetta barn væri mjög gott í samskiptum“. Meðan umræðurnar áttu sér stað lagði Heiðrún lítið til málanna en hlustaði og virtist meðtaka hvernig hægt væri að ígrunda í hóp.

Þegar sameiginlegri ígrundun á skráningunni var lokið og búið að draga aftur saman og setja í orð alla þá styrkleika sem þær töldu að barnið byggði yfir mátti greina hvernig Steinunn, Heiðrún og Ólöf fylltust eldmóði gagnvart næstu skrefum. Steinunn sagði: „Þá er ég alveg til í að halda áfram á þessari braut og taka fullt af svona skráningum og vinna svoleiðis úr því. Maður þarf ekkert að vera svo lengi að því heldur.“ Heiðrún bætti við hlæjandi „að nú væri aðeins meira ljós í göngunum“ en viðurkenndi að henni myndi þægilegra að hafa ákveðna formúlu eða leið sem leiðbeindi um hvernig ætti að meta ákveðna getu eða þætti í fari barns. Af orðum Ólafar mátti greina hversu mikilvægar skráningar og ferli þeirra væri til að meta nám og vellíðan barna í leikskólum því að annars væru upplýsingarnar eingöngu í höfðinu á ákveðnum einstaklingum. Hún sagði: „En mér finnst líka, sko, hvernig ætlarðu að vita eitthvað ef þú skráir aldrei neitt? Þá er þetta bara eitthvað svona sem þig grunar eða dettur í hug. Þú ert ekki með neina vissu.“



Ólöf benti jafnframt á að í gegnum tíðina hefði verið tilhneiging til að horfa á og ræða það sem gengi illa hjá börnum. Heiðrún tók undir orð hennar og sagði algennt að leitað væri að vandamálunum til þess að geta lagað þau. Samræður starfsfólksins á fundum byrjuðu oft á því sem barn gat ekki en með tímanum mátti sjá hvernig sameiginleg ígrundun leiddi hugann meira að styrkleikum og jákvæðum þáttum í fari hvers barns. Undir miðbik ferlisins þróaðist til dæmis samræða um að eitt barn deildarinnar stæði illa félagslega yfir í vangaveltur um vellíðan þess í leikskólanum. Starfsfólkið taldi þá staðreynd að barnið sótti í mikla nærveru og umhyggju starfsfólksins yfir daginn, frekar en að komast í innihaldsríkan leik með öðrum börnum, tengjast langri dvöl þess í leikskólanum fremur en að það stæði illa félagslega. Þannig leiddi ígrundun starfsfólksins til þess að það horfði á athafnir barnsins frá öðru sjónarhorni en áður og beindi sjónum sínum frekar að vellíðan þess.

## Að finna rétta taktinn

Á fyrstu mánuðum rannsóknarinnar prófaði starfsfólk leikskólans að skrá við ólíkar aðstæður til að reyna að finna hvað hentaði þeim. Starfsfólkið komst að því að betra væri að skrá athafnir barna fyrir hádegi vegna þess að eftir hádegi væru börnin oft orðin órólegri og komið meira los á barnahópin. Því þótti jafnframt ákjósanlegra að skrá í litlum barnahópum og áttaði starfsfólkið sig fljótt á að ekki væri hægt að skrifa niður allt sem börnin sögðu í leik sínum svo að hver þeirra reyndi að finna sína leið til að skrásetja athafnir barnanna í leik.

Mismunandi aðferðir við skráningar og úrvinnslu þeirra voru því notaðar. Tilraunirnar, sem starfsfólkið prófaði, voru ólíkar og varð fljótt ljóst að sama aðferðin myndi ekki henta öllum starfsmannahópnum. Heiðrún og Ásta sýndu tækninni töluverðan áhuga þegar kom að úrvinnslu en Steinunni fannst spjaldtölvun og tölvuúrvinnsla tímafrek og hæg. Steinunn kaus því – meðan á rannsókninni stóð – að handskrifa allar sínar skráningar af athöfnum barnanna í frjálsum leik. Upplifði hún að skráningin og úrvinnsla hennar tæki of langan tíma og því náðu skráningar hennar aldrei að komast á sýnilegt form.

Heiðrún var sú eina sem reyndi við tæknina og gerði tvær skráningar í smáforritinu Book Creator. Þar gerði hún sýnilegt námsferli barns með ljósmyndum auk texta frá sér. Skráningin sýndi jákvæða mynd af samskiptafærni ungs drengs sem hafði átt í erfiðleikum með að tengjast öðrum börnum deildarinnar. Af raddblæ og líkamstjáningu Heiðrúnar mátti greina að skráningarferlið hefði fært henni nýja og jákvæða sýn á getu drengsins og lýsti hún yfir löngun til að sýna foreldrum hans skráninguna því að hún var sannfærð um að þau yrðu verulega ánægð. Ásta tók snemma í rannsóknarferlinu sín fyrstu og einu skref til að skrá athafnir barna í leik en ekki varð af ígrundun og úrvinnslu. Eftir því sem leið á verkefnið byrjaði Ásta smám saman að upplifa skráningar sem aukakvöð sem ætti jafnvel ekki að vera hluti af hennar starfi, því hún fengi engan undirbúningstíma og þar af leiðandi gæfist henni ekki tími til að vinna þær.

## Að sitja fastur í sömu hjólförunum

Eins og má sjá hér að ofan höfðu allir þátttakendurnir um miðbik ferlisins stigið einhvers konar skref í áttina að því að meta nám og vellíðan barna í gegnum skráningar. Þegar kom að því að setja sér áframhaldandi markmið komu þó sífellt upp sömu áskoranirnar. Þær fólust í að skráningarnar og úrvinnslan mættu engan tíma taka, undirbúningstímar væru af skornum skammti eða engir hjá sumum ásamt því að alltaf væri nóg að gera í öðrum verkefnum og skráningarnar gleymdust þá. Þegar reynt var að leita lausna hjá starfsfólki deildarinnar á því hvernig það gæti fléttað vinnu sem þessa inn í daglegt starf og framkvæma skráningar sem tækju stuttan tíma voru svörin þessi: „Það er erfitt að segja, dagarnir eru mjög mismunandi“ og „Það er alltaf nóg að gera“.

Leikskólastjórinn stakk þá upp á því að hann myndi finna þeim öllum tíma til að lesa fræðigreinin um gildi skráninga fyrir leikskólastarf. Hann taldi að fyrst þyrfti starfsfólkið að sjá betur tilganginn með skráningunum svo að það gæfi sér frekar tímann sem þarf til þess að

„Þetta þarf að virka hratt og örugglega“: Áskoranir við að þróa aðferðir sem meta nám og vellíðan barna í leikskóla

skrá athafnir barna og ígrunda þær. Eftir nokkrar vikur var starfsfólkið búið að lesa fræðigreina sem sagði frá samstarfsrannsókn nokkurra leikskóla við að innleiða skráningu námssagna. Lestur fræðigreinarinnar skilaði góðum umræðum meðal starfsfólksins og dró fram áhugaverða og mikilvæga þætti við skráningarferlið. Einn þeirra var sú upplifun að það skorti samræður milli starfsfólks. Steinunn sagði:

Mér finnst eins og í þessu verkefni – eins og svo mörgu öðru – þá finnst mér skorta samræður starfsfólks. Það bara er allt leikskólastarf þannig. Það skortir samræður, bæði í þessu verkefni og öðrum sem maður er í, til þess að geta kastað boltanum á aðra. Þann tíma höfum við eiginlega aldrei. Það er ekki hægt að segja að við höfum hann á deildarfundum því þar er alltaf verið að ræða það sem er að gerast hér og nú. Þannig að til þess að geta verið tannhjól inni á deild þá verður maður að hafa samræður og til að þróa þetta verkefni áfram þá þarf það. Það er mín upplifun. Þannig að mér finnst samræðan alveg rosalega lítil.

Ásta tók undir þetta og sagðist bara ekki finna tímann til að þróa starfshætti sína við að meta nám og vellíðan barna í gegnum skráningar. Hún gæti skráð en úrvinnslan þyrfti tíma sem hún hefði ekki því að hún hefði jafnframt önnur verkefni innan deildarinnar og það að fá engan undirbúningstíma setti henni skorður. Ásta sagði: „Það er nefnilega málið að ef mig langar að gera þetta þá langar mig að gera þetta vel. Þú veist, mér finnst voðalega leiðinlegt að hálfgera hlutina vegna tímaleysis.“ Steinunn tók undir þessi orð Ástu og sagði leiðinlegt að vera sífellt að klóra í bakkann og framkvæma hlutina illa. Það væri ekki góð tilfinning. Ólöf leikskólástjóri bætti þá við:

Ég held að þarna standi hnífurinn í kúnni með það að það þurfi að skipuleggja starf leikskólans upp á nýtt með það fyrir augum að fólk geti ígrundað saman á deildinni vegna þess að í raun og veru er skráningin tiltölulega, ég er ekki að segja að hún sé gagnslaus, en hún öðlast fyrst gildi þegar að búið er að ígrunda og ræða saman um það sem þú varst að skoða. Af því að segjum að það sé verið að skoða sama barnið þá er kannski sitt hvort sjónarhornið. Ef ekki er hægt að búa til einhvern tíma fyrir þetta þá er þetta bara snúið.

Umræða þátttakenda færðist svo yfir í hvað væri mikilvægt að meta í leikskólanum og hvað þá langaði til að gera sýnilegt, fyrir sér og foreldrum barnanna. Allir svöruðu þeir skjótt að þeir teldu mikilvægast að börn öðluðust góða félagsfærni, lærðu jákvæð samskipti og að umgangast önnur börn í leikskóla og að þessi færni væri kennd í gegnum leik. Ákveðið var að allir myndu einbeita sér að því að skrá leik barnanna í vali á morgnana. Lagði leikskólástjórinn til að deildin fengi aukadeildarfundir og starfsfólkið fengi aukinn tíma til samræðna og ígrundunar um skráningarnar sem það framkvæmdi.

Að lokum ræddi starfsmannahópurinn um hvað þeim fyndist felast í félagsfærni og hvaða eiginleika barn með sterka félagsfærni hefði. Niðurstaðan var sú að barn með sterka félagsfærni gæti sett sig í spor annarra, átt góð samskipti, sýnt vináttu, sýnt umhyggju, tjáð sig og staðið með sjálfu sér og þannig byggt upp sterka sjálfsmynd. Þessa vinnu þróuðu þátttakendurnir svo lengra og bjuggu til nokkurs konar tékklista til að hafa sér til stuðnings við úrvinnslu skráninga. Eftir þessa umræðu mátti greina léttara andrúmsloft og lýstu allir þátttakendur yfir vilja til að reyna að stíga næstu skref og komast þannig upp úr hjólförum.

## **Verkefnaálag og skilningsleysi mögulegir áhrifavaldar í framgöngu verkefnisins**

Raunin varð þó sú að starfsmannahópurinn fór hægt af stað með að innleiða *mat á námi og vellíðan barnanna*. Á næstu mánuðum urðu tíð frí hjá starfsfólki, deildarstjórinn fór í skammtímaveikindaleyfi, einn starfsmannanna byrjaði á TRAS-námskeiði og nýtti tímann til að

Þjálfar sig í því, sú sem hafði engan undirbúningstíma fékk ekki þann tíma sem ákveðið hafði verið að veita henni svo að hún missti áhugann á ný. Tíðar vettvangsferðir út fyrir leikskólann með elstu börnunum voru tímafrekar ásamt því að deildarstjóri sótti ráðstefnur og sinnti undirbúningi og framkvæmd foreldravíðtala. Á vormánuðum tók leikskólinn jafnframt þátt í ýmsum viðburðum, svo sem í tengslum við öskudaginn, undirbúning fyrir leikrit á sal auk Barnamenningarhátíðar. Þegar starfsfólkið var spurt hvernig gengi að skrá og ígrunda sagði Steinunn:

Mér finnst ég bara hafa svo lítinn tíma í þetta. Ef ég horfi bara á vikurnar þá er tíminn alveg rosalega lítill til að sinna þessu. Kannski er maður bara í allt of mörgum verkefnum eða, nei, ég held það séu hreinlega allt of mörg verkefni í gangi. Mér finnst maður alltaf í sömu hjólförum, á sama hamstrahjólinu. Ef maður er ekki sjálfur [á staðnum] þá gerist náttúrulega lítið, ekki skráir maður heima. Það er bara þannig. Maður verður að reyna að finna eitthvað út úr því eða kannski bara sleppa einhverju. Henda einhverju öðru út, eða hvað vill maður?

Heiðrún og Ásta tóku undir með Steinunni og upplifðu sig ekki hafa tíma til að framkvæma skráningar eða ekki finna sig í þessu ferli. Ásta sagði til dæmis: „Ég finn aldrei einhvern veginn almennilegan tíma til þess að gera þetta og ég sé ekki tilganginn með þessu því ég get ekki unnið úr því.“ Ástu fannst því frekar að tékklistinn, sem búinn var til af Ólöfu leikskólustjóra í kjölfar umræðna milli þátttakenda, gæti virkað sem leið til að meta nám og vellíðan barnanna heldur en að setjast niður með það að markmiði að fylgjast með og skrá niður athafnir þeirra.

Undir lok rannsóknarinnar benti Ólöf, leikskólustjóri, á að ferlið hefði ekki gengið sérstaklega vel. Hún gerði sér grein fyrir að þetta væri starfendarannsókn þar sem lagt væri upp með að starfsfólkið prófaði sig áfram og engin ein rétt lausn væri til um hvernig ætti að framkvæma skráningar. Að sama skapi hefði vantað skilning á því hvað ætti að meta og hvernig ætti að meta það. Ólöf vísaði í þemahefti um námsmat á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og sagði:

Það er ekkert val um það. Það á að meta. Það eru lög um leikskóla og svo er Aðalnámskrá og það bara stendur í Aðalnámskránni. Það á að meta starfið. Samkvæmt þeim skjölum bera leikskólakennarar og annað starfsfólk sameiginlega ábyrgð á að börn nái þeim hæfnivíðmiðum sem sett eru fram og svo standa þau þarna og við berum ábyrgð á því. Þá er bara spurningin: Hvernig vitum við það? Og það er þar sem mér finnst að skráningin hljóti að koma inn í – til þess að komast að því hvort við séum að ná þessum viðmiðum. Því annars er þetta bara eitthvað svona huglægt.

Í framhaldi benti Ólöf á að þær hefðu ef til vill ætlað sér að stökkva of langt í upphafi. Steinunn hafði til að mynda hugmyndir um að vera búin að framkvæma skráningar fyrir öll börn deildarinnar á einum mánuði. Í gögnunum má sjá að töluvert af orku þátttakenda beindist að því að finna lausn sem virkaði hratt, örugglega og tæki sem stystan tíma. Starfsfólkið gaf sér ekki tíma til að prófa sig áfram, gera mistök og finna lausnir sem í kjölfarið hefðu getað leitt til aðferða við skráningar og úrvinnslu þeirra sem hentuðu þessum tiltekna leikskóla. Þar sem tileinkun nýrra starfshátta og þróun eigin fagmennsku er ferli sem krefst undirbúnings, samræðna, sveigjanleika og skilnings í eigin garð getur talist eðlilegt að það taki dagóðan tíma. Þar af leiðandi er útfærsla þeirra á hinu hraða og örugga skráningarkerfi, sem myndi virka fyrir leikskólastarf og þær gætu verið ánægðar með, enn ófundið.

### **„Það sem maður er búinn að gera verður ekki tekið frá manni“**

Þrátt fyrir að hægt hafi gengið að þróa skráningar í þessum tiltekna leikskóla og að starfsfólkið hafi í raun ekki komist á almennilegt flug þá urðu áhrif rannsóknarinnar á starfsfólkið af öðru tagi. Áhrifin voru meira huglæg og mótuð af hverjum og einum þátttakanda. Ásta upplifði að þátttakan í verkefninu hefði víkkað sjóndeildarhring sinn og nú væri hún farin að fylgjast með fleiri þáttum í fari barns en áður. Hún hefði til dæmis ekki eingöngu skoðað félagsfærni barns

heldur jafnframt hvort barn sýndi samkennd, sjálfstæði og hvort því liði vel í leikskólanum. Hún upplifði jafnframt að starfsfólkið ræddi meira saman um þessa þætti og um hvernig væri hægt að hjálpa einstaka börnum sem ættu í erfiðleikum eða sýndu vanlíðan. Ástu fannst það jafnframt hjálpa sér við að huga betur að vellíðan hvers barns að vinna í minni barnahópum ásamt því að það skapaði fleiri tækifæri til að sjá skýrar áhugasvið barnanna.

Heiðrúnu fannst þátttakan ekki endilega hafa breytt því hvernig hún liti á *mat á námi og vellíðan barna* í leikskóla heldur frekar dýpkað það. Henni þætti enn þá mat á borð við TRAS-listann og PALS mikilvægt. Þátttakan hefði þó víkkað sýn hennar og upplifði hún breytingar aðallega í tengslum við hvernig hún horfði á börnin og leikskólastarfið. Hún væri orðin meðvitaðri um að horfa á samskipta- og félagsfærni barnanna og sæi hún einnig þann þátt þegar hún væri með börnin í PALS-kennslu. Núna legði hún ekki eingöngu mat á frammistöðu barnsins í verkefninu sjálfu, heldur væri orðin meðvitaðri um mikilvægi frjáls leiks og sæi þar núna mikilvæg tjáskipti sem áður hefðu getað verið falin. Nú fyndist henni mikilvægt að sjá barnið í heild sinni, draga fram styrkleika þess en jafnframt veita veikleikum þess eftirtekt svo að hægt væri að efla barnið á þeim sviðum. Hún var ánægð með þær skráningar sem hún gerði í forritinu Book Creator og taldi að það sem hefði meðal annars stoppað sig af við að framkvæma fleiri skráningar hefði verið að ferlið væri flókið og tæki langan tíma ásamt því að hún upplifði ákveðna fjarlægð frá börnunum, þegar hún væri að skrá, sem henni fyndist óþægileg.

Steinunni fannst þátttakan í rannsókninni hafa verið stuðningur við starfið. Hún hefði hjálpað til við að fá starfsfólkið til að beina sjónum sínum að sömu þáttum í fari barna. Undir lok rannsóknarinnar hefði hún jafnframt verið farin að sjá tilgang með skráningum sem þessum, þær gætu meðal annars nýst í foreldrasamtölum og til að skoða ákveðna þætti í fari barna. Hún upplifði að sú ígrundun, sem farið hefði fram á sameiginlegum fundum, hefði hjálpað henni að sjá að úrvinnsla skráninga þyrfti ekki endilega að vera flókin en á sama tíma hefði ígrundunin sýnt henni hversu mikilvægt það væri að geta rætt við aðra um börnin og skráningarnar. Steinunn upplifði að auðvelt hefði verið að þróa framkvæmd eigin skráninga af athöfnum barnanna, það er hvernig hún skráði og hvað hún skráði, en á sama tíma hefði hún viljað að hópurinn næði lengra. Hún sagði: „Kannski er maður bara óraunhæfur líka sjálfur því maður vill fara hraðar yfir. Það sem maður er búinn að gera verður ekki tekið frá manni, það situr eftir í sarpinum.“ Hún tók sérstaklega fram að henni fyndist gaman að skrá og að skrá athafnir barna auðveldaði henni að kynnast börnunum og sjá styrkleika þeirra í skýrara ljósi. Að vera nálægt börnunum í leik gerði hana að þátttakanda og upplifði hún að börnin tækju sér næstum sem einum af þeim, sem féлага sínum, og þannig væri meðal annars hægt að sjá að þeim liði vel í leikskólanum. Henni fannst skráningarnar jafnframt vera áminning um að beina sjónum sínum að styrkleikum barnanna því oft væri auðveldara að koma auga á það sem mætti betur fara.

Ólöfu fannst hugmyndir sínar um mat hafa með þátttökunni þróast yfir í að sjá mikilvægi þess að beina sjónum að barninu sjálfu. Hún sagði að fyrir sig væri þetta nánast eins og að sjá ljósið því hún fyndi hversu miklu máli mat af þessu tagi skipti. Hún taldi að hingað til hefði mat fremur beinst að ytri þáttum, svo sem námsumhverfinu eða prófum sem meta ákveðna afmarkaða færni barns, til dæmis málþroska eða hvort barn gæti staðið á öðrum fæti. Þetta væru þættir sem hún liti ekki lengur á sem aðalatriði; hún teldi mat eins og uppeldisfræðilegar skráningar eða námssögur vera afar mikilvægt vegna þess að með því væri hægt að horfa á barnið sem einstakling og beina sjónum að styrkleikum þess. Mat í leikskólastarfi eins og skráningar væri jafnframt það opið að það gæfi þann möguleika að skoða sérstaklega félags- og samskiptafærni barna, sem væru jafnframt þeir þættir sem nær allt leikskólastarfsfólk væri sammála um að væri mikilvægast að meta. Hún sagði jafnframt að eftir því sem hún hugsaði meira um mat í leikskólastarfi styrktist hún í þeirri skoðun að ef leikskólar stunduðu uppeldisfræðilegar skráningar eða skráðu námssögur þá þyrftu þeir í raun ekkert annað. Ástæðan væri sú að þær áherslur, sem lagðar væru til grundvallar í þess konar mati, það er að líta á styrkleika barna, getu þess og færni, væri það sem kjarni leikskólastarfs ætti að snúast um.

Ólöf sagði að það þyrfti ekki endilega að nota aðeins eina aðferð til þess að meta nám og vellíðan barna heldur væri aðalatriðið að starfsmannahópurinn væri samstíga í matinu og gerði það af heilum hug. Hún bætti við að framkvæmd mats, sem fælist í uppeldisfræðilegum skráningum og námssögum, krefðist mikils af starfsfólkinu. Þetta væru ný vinnubrögð og því væru þau auðvitað áskorun. Starfsmennirnir þyrftu jafnframt að vera tilbúnir að líta í eigin barm, skoða sjálfa sig og jafnvel viðurkenna að þeir vissu ekki allt. Það þyrfti að líta á þetta ferli sem tækifæri til að afla sér meiri þekkingar um barnahópinn og þróa sig í leiðinni áfram sem fagmenn.

## Samantekt og umræða

Í rannsókninni var lagt upp með að starfsfólk leikskólans öðlaðist færni í að framkvæma uppeldisfræðilegar skráningar af athöfnum barna ásamt því að læra að greina nám og framfarir barna í gegnum leik. Markmiðið var að starfsfólk þróaði leiðir til að meta nám barna í samvinnu, umræðu og í grundun sín á milli ásamt því að finna skráningaraðferðir sem virkuðu fyrir það og starf leikskólans. Það fór þó öðruvísi en lagt var upp með þar sem þátttakendur upplifðu margar áskoranir í ferlinu og upplifðu sig sífellt vera fasta í sömu hjólförum. Áhrif þátttöku í rannsókninni urðu því meira huglæg og í formi hugarfars- og viðhorfsbreytinga til barna og mats á námi þeirra.

Í upphafi rannsóknarferlisins tengdust hugmyndir starfsfólksins um *mat á námi og vellíðan barna* og hvernig því fyndist eiga að meta nám barna í leikskóla aðallega skimunum eða prófum á börnum með stöðluðum matslistum. Starfsfólkið var eigi að síður sammála um að samskipta- og félagsfærni væru veigamestu þættirnir sem þyrfti að kenna leikskólabörnum. Þetta var skoðun sem styrktist smám saman eftir því sem starfsfólkið ígrundaði athafnir barna og ræddi saman. Í gegnum sameiginlega ígrundun upplifði starfsfólkið jafnframt ákveðna vitundarvakningu um samskipti barna í leik og hvaða færni væri hægt að koma auga á og meta í gegnum frjálsum leik barna. Þessi viðhorf, að mikilvægt væri að efla félags-, samskipta- og tilfinningafærni barna fremur en að leggja áherslu á þætti sem efla bóknámsgetu og nám barna í gegnum leik í öruggu og hvetjandi umhverfi, eru samhljóma erlendum rannsóknum (Hollingsworth og Winter, 2013; Lara-Cinisomo o.fl., 2009; Lee, 2006) og áherslum Aðalnámskrár leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Þær aðferðir sem starfsfólk taldi þó upp að væru nýttar til að meta nám og framfarir barna voru HLJÓM-2, TRAS og PALS sem eru skimanir og kennsluáðferð sem beina athygli að miklu eða öllu leyti að málþroska barna. Af þessu má sjá að ákveðinn munur var á milli þess sem starfsfólk taldi mikilvægt að meta, þess sem meta skal samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) og þess sem var raunverulega metið.

Greina mátti að gildi rannsóknarinnar fyrir þátttakendur hefði meðal annars verið að þátttakan hefði víkkað sjónvildarhorf þeirra. Gögnin sýndu að við ígrundun sáu þátttakendur ákveðin börn í nýju ljósi og komu auga á færni sem þátttakendur vissu jafnvel ekki að börnin byggju yfir. Einum þátttakanda fannst þátttakan einnig vera stuðningur við starfið því að hún hefði leiðbeint starfsfólki að leita eftir styrkleikum barns fremur en veikleikum þess. Þessi upplifun starfsfólksins er í samræmi við aðrar rannsóknir sem hafa sýnt að ferli skráninga geri starfsfólki kleift að rýna í eigin viðhorf og athafnir barna. Þannig verði það meðvitaðra um eigin starfshætti (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Buldu, 2010; Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2015; Rintakorpi, 2016).

Upplifun starfsfólksins af því að skrá var gjarnan ólík og af svörum Steinunnar og Heiðrúnar má greina að skráningarferlið kallaði fram ólíkar tilfinningar hjá þeim. Steinunni fannst til að mynda hvetjandi að engin ein rétt lausn væri til við framkvæmd skráninga því það gæfi henni meira svigrúm til að finna leið sem virkaði fyrir hana. Henni fannst einnig að skráningar á athöfnum barna í frjálsum leik færðu hana nær börnunum og gerðu hana að þátttakanda í leiknum sem leiddi til þess að hún kynntist þeim betur og sá styrkleika þeirra skýrar. Á sama tíma fannst Heiðrúnu þægilegra að hafa skilgreinda formúlu um hvernig meta ætti ákveðna getu eða þætti



í fari barns ásamt því að hún upplifði ákveðna fjarlægð frá börnunum þegar hún skráði athafnir þeirra. Þegar þessi ólíka upplifun þeirra er borin saman við rannsókn Emilson og Samuelsson (2014) má greina að samskipti Steinunnar við börnin hafi ef til vill einkennst af því sem þar er lýst sem líflegum samskiptum milli leikskólakennara og barns. Samskipti Heiðrúnar hafa hins vegar mögulega einkennst af litlum eða engum samskiptum milli leikskólakennara og barns þar sem leikskólakennari var þögull áhorfandi og veitti takmarkaðan stuðning eða örvun að fyrra bragði. Það myndi að einhverju leyti varpa ljósi á þessa ólíku upplifun þessara tveggja starfsmanna því að af svörum Steinunnar virtist hún vera meiri þátttakandi í athöfnum barnanna heldur en Heiðrún. Steinunn upplifði þar af leiðandi að börnunum líði vel í kringum sig og nefndi að börnin tækju henni sem einni af barnahópnum. Að börn hafi litið á hana sem jafningja í leik sínum bendir því til þess að þau hafi upplifað af hennar hálfu hvatningu og virðingu fyrir athöfnum sínum og að tilgátur þeirra hafi fengið hljómgrunn, líkt og Rinaldi (2006) bendir á. Þetta eru einnig atriði sem Emilson og Samuelsson (2014) telja mikilvægt að séu ríkjandi í samskiptum milli barna og leikskólakennara við framkvæmd skráninga. Jafnframt mætti velta upp hvort áhrif menntunar þessara tveggja þátttakenda, sem annars vegar hafa leikskólakennaramenntun og hins vegar grunnskólakennaramenntun, hafi áhrif á hvernig þeir nálgast skráningar og vinnu með börnunum.

Gögnin sýndu einnig að þátttakendur upplifðu margar áskoranir þegar kom að því að skrá. Öryggi kom fram um hvernig ætti að vinna úr því sem yrði skráð ásamt því að þátttakendur voru á einu máli um að úrvinnslan yrði að vera einföld, eða „virka hratt og örugglega“ eins og einn þátttakandi orðaði það. Eftir því sem leið á rannsóknarferlið komu einnig fleiri áskoranir í ljós. Þátttakendur upplifðu tímaskort til að skrá, vinna úr skráningum og ræða saman. Þeir nefndu jafnframt að þeir fengju lítinn eða engan undirbúningstíma til að sinna úrvinnslu skráninganna ásamt því að þátttaka þeirra í annars konar verkefnum væri tímafrek. Nokkrum þeirra fannst það taka frá þeim tíma sem þeir hefðu frekar getað nýtt í að fylgjast með leik barna og skrá athafnir þeirra. Flestar þeirra áskorana og upplifana, sem þátttakendur lýstu, eru í samræmi við það sem komið hefur fram í fjölda rannsókna (Alnervik, 2018; Alvestad og Sheridan, 2015; Buldu, 2010; Holmberg, 2015; Lindgren-Eneflo, 2014; Rintakorpi, 2016). Einnig hlýtur skortur á undirbúningi hjá ófaglærðum leiðbeinanda, eins og Ástu, að hafa áhrif á þær áskoranir sem hún upplifði sem og hvaða menntun og þekkingu hún hafði til þess að geta gert uppeldisfræðilega skráningu, sem felur í sér að tengja fræði við starf sitt.

Af þeim fjölda áskorana, sem þátttakendur í þessari rannsókn lýsa, má greina að stóran þátt í því að innleiðing mats í formi skráninga gangi hægt eða erfiðlega inn í leikskólastarf megi rekja til þess að starfsfólk fái – eða gefi sér ekki – nægan tíma til að tileinka sér ný vinnubrögð. Þessar áskoranir má einnig greina í rannsókn Rintakorpi (2016). Benda gögn þessarar rannsóknar jafnframt til þess að sé mikið verkefnaálag hjá starfsfólki og undirbúningstími lítill þá sé líklegra að starfsfólk setji til að mynda samræður um nám barna og sameiginlega ígrundun til hliðar. Úr þessu þarf að bæta því þessir þættir eru gríðarlega mikilvægur hluti af starfsþróun og tileinkun nýrra starfshátta (Koshiy, 2009; Luttenberg o.fl., 2017). Hópsamtölin, þar sem þátttakendur ígrunduðu saman skráningar af athöfnum barna undir handleiðslu meistaranema, sýndu fram á gildi slíkra samræðna. Samtölin fylltu þátttakendur eldmóði, gerðu mörgum þeirra kleift að uppgötva nýja sýn á leik barna og horfa lengra þegar kom að færni og samskiptum barna í leik.

Það hversu þátttakendum gekk erfiðlega að tileinka sér samræður og sameiginlega ígrundun á eigin starfsháttum og námi barna án handleiðslu meistaranema má ef til vill rekja til þess að ígrundun af þessu tagi getur verið flókið fyrirbæri. Slík ígrundun snertir margþætta hugsun, persónulega þætti hvers einstaklings og snýr að eigin gildum hans, svo sem hvernig hann telji að best sé að kenna ungum börnum, hvers konar kennsla skili árangri og hvernig eigi að meta þá kennslu og færni sem hann telur nauðsynlegt fyrir leikskólabörn að tileinka sér (Luttenberg o.fl., 2017). Að ígrunda með þeim hætti, sem skráningar leggja upp með, getur því eflaust reynst mörgum erfitt og jafnvel gert fólk berskjaldað því að það setur faglega þekkingu sína, gildi og skoðanir fram í orðum sem aðrir heyra og túlka. Fáir starfsfólk aftur á móti ekki tíma til að

ígrunda og ræða saman þá skapast síður lærdómssamfélag þar sem starfsfólk fær tækifæri til að þróa og breyta starfsháttum sínum (Buldu, 2010) sem sýnt hefur verið fram á að sé nauðsynlegur hluti af starfsþróunarferlinu (Alnervik, 2018).

Tímaskortur er oft nefndur sem áskorun í leikskólastarfi en Fyfe (2012) bendir hins vegar á að sá tími, sem sé fyrir hendi til ígrundunar og úrvinnslu, sé gjarnan nýttur með óskilvirkum hætti. Skipuleggja mætti betur þann tíma sem gæfist, meðal annars með því að halda skráningafundi þar sem ákveðið væri hvaða skráningar ætti að skoða og ræða. Leikskólakennarar ættu það til að vilja fara of hratt í gegnum þetta ferli en það samræmist því sem tveir þátttakendur þessarar rannsóknar upplifðu. Annar þeirra taldi sig hafa gert óraunhæfar kröfur til sjálfs sín í ferlinu því að hann hefði viljað fara hraðar yfir en eðlilegt gæti talist og hinn benti á að starfsmannahópurinn hefði ef til vill ætlað sér að stökkva of langt í upphafi. Fyfe (2012) bendir jafnframt á að þegar búíð er að ræða ítarlega hvað liggur að baki athöfnum barna, þá fyrst sjáist hvernig megi hjálpa þeim áfram í námi. Líta þyrfti á þann tíma, sem fer í skráningar, sem tíma fyrir börnin. Ástæðan sé sú að tíminn, sem leikskólakennararnir nýta til að fylgjast með, skrá, ígrunda og túlka, verður dýrmætari þegar hægt er að nýta það sem þar kemur fram til að styðja börnin áfram í frekari þekkingarleit og námi (Fyfe, 2012). Það bendir því allt til þess að ágóði hljótist af því að líta á tileinkun nýrra vinnubragða, eins og að skrá athafnir barna í gegnum uppeldisfræðilegar skráningar, sem langhlaup en ekki spretthlaup. Því þurfi að gefa sér tíma og rými til að þróa þær og innleiða.

Þegar litið er yfir ferlið í heild má þó einnig velta fyrir sér hvort ein af orsökum þess að starfsfólk leikskólans átti erfitt með að tileinka sér skráningar geti legið í því að það steig í raun aðeins fyrsta skrefið af þremur við framkvæmd skráninga. Með öðrum orðum, það skráði athafnir barna í leik en gaf sér sjaldan tíma til að ígrunda þær, nema einstaka sinnum með rannsakendum. Það gaf sér jafnframt sjaldan tíma fyrir úrvinnslu þeirra, það er að gera athafnir barnanna sýnilegar með ljósmyndum og texta, ferli sem talið er að sé grundvöllur fyrir því að skráning geti talist uppeldisfræðileg (Rinaldi, 2006). Þegar horft er á niðurstöður þessarar rannsóknar þá lítur út fyrir að starfsfólk þessa leikskóla og eflaust víðar eigi enn í erfiðleikum við að innleiða ákveðna þætti gildandi Aðalnámskrár leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) sem kom út fyrir átta árum. Orsakirnar geta verið margar en gögn þessarar rannsóknar benda til þess að mikill hraði í leikskólastarfinu og vilji starfsfólks leikskólans til að nýta góðar hugmyndir, sem birtist í því að hlaða verkefnum og ólíkum verkfærum inn í leikskólastarfið, sé ein af ástæðunum.

Lausnin getur legið í að starfsfólk staldri við, kafi ofan í gildi leikskólans, endurmeti það starf sem á sér stað, og skoði gaumgæfilega hvort mat sé lagt á alla þá þætti í þroska barna sem áhersla er lögð á. Að því loknu er mikilvægt að starfsfólkið gefi sér góðan tíma og svigrúm til að ræða saman, ígrunda og þróa ný vinnubrögð sem hafa það að markmiði að mæta þeim kröfum sem *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) setur. Í rannsókn Rintakorpi (2016) upplifa leikskólakennarar jafnframt að mat í formi skráninga sé ekki metið að verðleikum. Gögn þessarar rannsóknar benda til þess að svipuð viðhorf séu ríkjandi hér á landi. Þetta birtist meðal annars í því að starfsfólk leikskóla nýtir að miklu leyti matstæki sem meta fyrir fram ákveðna frammistöðu í ákveðnum afmörkuðum þáttum. Ef takast á að breyta þess konar viðhorfi hér á landi og upphefja opið námsmat sem byggist á styrkleikum, færni og getu hvers barns (Dahlberg, Moss og Pence, 2007) þá er mikilvægt að starfsfólk leikskóla byrji á að skoða eigin viðhorf og gefi sér í kjölfarið tíma til að þróa starfshætti sína. Með því að mynda sameiginlega sýn á leikskólastarfið, hverju sé mikilvægt að vinna að og hvaða aðferðir sé hægt að nýta í þeim tilgangi, er líklegra að mat í formi uppeldisfræðilegra skráninga eða námssagna geti orðið hluti af daglegu starfi leikskóla fremur en aukakvöð sem starfsfólkið neyðist til að bregðast við.

Í tengslum við þær áskoranir sem þátttakendur rannsóknarinnar upplifðu mætti jafnframt velta fyrir sér ólíkum faglegum forsendum þeirra. Eins og fram hefur komið var menntun þeirra ólík. Tveir þátttakenda, leikskólastjóri og deildarstjóri, voru leikskólakennarar, sá þriðji grunnskólakennari og sá fjórði ófaglærður leiðbeinandi. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands

(2018) voru einungis 29,2% starfsmanna í leikskólum á Íslandi leikskólakennarar árið 2017. Eigi að síður þurfa leikskólar um allt land að starfa í samræmi við þær kröfur sem *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) gerir. Í ljósi þess hversu fáir leikskólakennarar starfa í leikskólum á Íslandi má velta fyrir sér hversu raunhæft það sé að gera sömu faglegu kröfur til alls starfsfólks leikskóla óháð menntun og faglegri þekkingu.

Í rannsókn Jóhönnu Einarsdóttur, Örnú H. Jónsdóttur og Bryndísar Garðarsdóttur (2013) kom í ljós að óljós verkaskipting virtist vera milli leikskólakennara annars vegar og leiðbeinenda hins vegar þegar þeir lýstu áherslum sínum og daglegum verkum í leikskólanum. Þetta er eflaust ekki skrítið þegar horft er samhliða á tölfræðina hér að ofan (Hagstofa Íslands, 2018). Það sem skildi hópana þó einna helst að í rannsókninni var áherslan á nám barna, á það lögðu leikskólakennarar marktækt meiri áherslu en leiðbeinendur. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að sérfræðiþekking leikskólakennara eigi undir högg að sækja (Jóhanna Einarsdóttir o.fl., 2013). Önnur rannsókn á starfsaðferðum leikskólakennara bendir jafnframt til þess að leikskólakennarar aðlagist þeirri menningu sem er til staðar í skólanum (Jóhanna Einarsdóttir, 2001). Þegar þetta er skoðað með tilliti til niðurstaðna þessarar rannsóknar mætti velta fyrir sér hvort orsakir þeirra áskorana sem birtust megi að einhverju leyti rekja til þess að sérfræðiþekking leikskólakennara eigi einfaldlega undir högg að sækja.

Þessi grein varpar ljósi á hvernig þátttakendur þessarar rannsóknar tókust á við ýmsar áskoranir sem felast í því að innleiða þætti sem *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) kveður á um og starfa á eftir. Með því að skrifa um þær áskoranir sem þátttakendur tókust á við hefur myndast þekking um það hvernig staða í íslenskum leikskóla er þegar kemur að því að meta nám og vellíðan barna. Sú þekking getur nýst starfsfólki annarra leikskóla til þess að ígrunda starf sitt, endurskoða starfshætti sína og íhuga hvað mikilvægt er að hafa í huga þegar innleiða á nýja starfshætti. Lítið er til um rannsóknir á þessu efni á Íslandi og því geta áskoranir, sem þátttakendur tókust á við, nýst öðrum sem grunnur um að hverju er gott að huga þegar kemur að því að gera breytingar á starfsháttum eða að taka þátt í samstarfsrannsókn.

### **“It has to work fast and with assurance”: Challenges in implementing assessment of children’s learning and well-being in one preschool**

The article describes a collaborative action-research process conducted in a preschool setting in Iceland. The study is part of a larger project, Assessment of Children’s Learning and Well-being in Preschools, conducted in collaboration with the Center for Research in Early Childhood Education (RannUng) at the University of Iceland and the five neighbouring municipalities of Reykjavík. Participants in this section of the study were three preschool teachers working with children aged five to six years, along with the school’s headmaster and the authors of this article.

According to the Icelandic National Curriculum for Preschools, teachers in each preschool shall develop a variety of methods to gather information on children’s learning and well-being, focusing on their abilities, strengths and interests. The aim of the study was to support the preschool teachers in their first steps of developing their documentation methods through learning stories or pedagogical documentation. The study also sheds light on the preschool teachers’ ideas as to what assessment is, what kind or kinds of documentation should be conducted in preschools and what is important to document and assess in children’s daily activities in the preschool. The data generation was in the form of individual interviews and group conversations over the course of one school year.

The participants were introduced to the learning stories approach and pedagogical documentation, as a way to gain insight into the social and emotional factors of learning by focusing on the learning taking place as children construct knowledge when participating in play and creative activities. The participants perceived that the learning stories approach was more difficult to comprehend in the beginning, so they decided to start their journey with pedagogical documentation.

The findings show that, in the beginning, the participants' ideas about the assessment of children's learning and well-being were unclear. The teachers thought that social competence and good communication skills should be the focus of preschool children's learning. The documentation methods they were using, by contrast, were focused mostly on children's language development. The preschool teachers tried various things to find their rhythm regarding pedagogical documentation. They tried documenting at different times during the day, in small and large groups of children, and figuring out how much they could write down of what the children were doing and saying during their play. In the process of documenting children's learning and well-being the participants realised that the same approach would not fit them all. Therefore, some documentation was made with the help of technology and other aspects were handwritten.

Despite their various attempts to find their rhythm, the challenges to teachers of implementing pedagogical documentation were considerable. The participants' experience was that the structure of pedagogical documentation was unclear, for example, what should be written and how the documentation should be presented. They all agreed that it in order for them to be able to make pedagogical documentation of children's learning and well-being the documentation process had to work fast and with assurance. They felt they did not have enough time to document and reflect together with other teachers. The participants observed that documenting children's learning and well-being was just one more task they had to do during the day, and they did not see the purpose of it. Therefore, it was difficult to integrate documentation into the daily life of the preschool. The analysis of data in this research reveals that a significant reason why integration of pedagogical documentation was so difficult relates to the fact that the preschool teachers and staff did not have enough time - or take enough time - to learn new ways of working.

A few pedagogical documentations were made during the research process. However, the influence of the study was more subjective, with the teachers changing their views regarding children's learning and well-being in the preschool. There were significantly altered attitudes towards children's play and how the play process could be useful for assessing children's social competence and communication skills. Notable changes were also seen in how the participants perceived children and the ways in which children communicated with each other.

These findings suggest that an attitudinal transformation is needed regarding methods of assessing and documenting children's learning and well-being if Icelandic preschools are to fulfil the conditions set by the Icelandic National Curriculum for Preschools.

**Key words:** Early childhood education, assessment, documentation, learning, well-being

## Um höfundana

Linda R. Jóhannsdóttir (lindarosj@gmail.com) er leikskólakennari og starfar sem deildarstjóri í leikskólanum Reynisholti. Linda útskrifaðist með M.Ed.-gráðu í leikskólakennarafræðum haustið 2017 frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Meistaraverkefni hennar var rannsókn með börnum sem hafði það að markmiði að nálgast sýn leikskólabarna á hlutverk leikskólakennara sem skrá athafnir þeirra. Linda lauk viðbótardiplómu á meistarastigi í menntastjórnun og matsfræði frá Háskóla Íslands vorið 2019.

Sara M. Ólafsdóttir (saraola@hi.is) er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sara lauk doktorsnámi í febrúar 2019 en rannsókn hennar fjallaði um leik út frá sjónarmiði barna. Meðfram doktorsnáminu hefur hún tekið þátt bæði í innlendu og erlendu rannsóknasamstarfi, meðal annars um vellíðan barna, leik og nám barna og samfellu í skólastarfi. Sara hefur skrifað töluvert af greinum og bókarköflum um efnið.

## About the authors

Linda R. Jóhannsdóttir (lindarosj@gmail.com) is a pedagogical teacher working at the preschool Reynisholt. Linda graduated with an M.Ed. degree in pedagogical education in autumn 2017 from the School of Education, University of Iceland. Her master's research explored preschool children's views towards the roles of preschool teachers as they document children's activities. Linda also has a diploma in education management and evaluation from the University of Iceland.

Dr. Sara M. Ólafsdóttir (saraola@hi.is) is a lecturer at the University of Iceland, School of Education. Her research focus has mainly been on researching with children in Icelandic preschools. Sara has written articles and book chapters about children's perspectives on play, the transition from preschool to primary school and children's well-being. She has been involved in national and international research projects connected to children's play and learning, transition, and well-being.

## Heimildir

- Alnervik, K. (2018). Systematic documentation: Structures and tools in a practice of communicative documentation. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 19(1), 72–84. doi:10.1177/1463949118762147
- Alvestad, T. og Sheridan, S. (2015). Preschool teachers' perspectives on planning and documentation in preschool. *Early Child Development and Care*, 185(3), 377–392. doi:10.1080/03004430.2014.929861
- Anna-Lind Pétursdóttir og Kristín Ólafsdóttir. (2016). Samvinna um læsi í leikskóla: Áhrif K-PALS á hljóðkerfisvitund, hljóðþekkingu, hljóðfimi og umskráningarfærni leikskólabarna. *Sérrit Netlu 2016 – Um læsi*. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2016/um\\_laesi/05\\_16\\_laesi.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2016/um_laesi/05_16_laesi.pdf)
- Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir. (2012). Skráning námssagna: Sjónarhorn barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 99–118). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng).
- Buldu, M. (2010). Making learning visible in kindergarten classrooms: Pedagogical documentation as a formative assessment technique. *Teaching and Teacher Education*, 26(7), 1439–1449. Sótt af <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0742051X10000661>
- Carr, M. (2011). Young children reflecting on their learning: Teachers' conversation strategies. *Early Years: An International Research Journal*, 31(3), 257–270. doi:10.1080/09575146.2011.613805



- Dahlberg, G., Moss, P. og Pence, A. (2007). *Beyond quality in early childhood education and care: Languages of evaluation* (2. útgáfa). London: Routledge.
- Emilson, A. og Samuelsson, I. P. (2014). Documentation and communication in Swedish preschools. *Early Years: An International Research Journal*, 34(2), 175–187. doi:10.1080/09575146.2014.880664
- Espenakk, U., Horn, E. og Færevaa, M. K. (ritstjórar). (2011). *TRAS: Observasjon av språk i daglig samspill*. Háskólinn í Stavanger: Nasjonalt senter for leseopplæring og leseforskning.
- Fyfe, B. (2012). The relationship between documentation and assessment. Í C. Edwards, L. Gandini og G. Forman (ritstjórar), *The hundred languages of children: The Reggio Emilia experience in transformation* (3. útgáfa, bls. 273–291). Santa Barbara: Praeger.
- Gunnar E. Finnbogason. (2010). Samfélag – skóli – einstaklingur: Helstu uppeldis- og menntahugmyndir Johns Dewey. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki: Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 43–55). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hagstofa Íslands. (2018). *Tæplega helmingur eins árs barna sækja leikskóla*. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/leikskolar-2017/>
- Hollingsworth, H. L. og Winter, M. K. (2013). Teacher beliefs and practices relating to development in pre-school: Importance placed on social-emotional behaviours and skills. *Early Child Development and Care*, 183(12), 1758–1781. doi:10.1080/03004430.2012.759567
- Holmberg, C. (2015) *Så är det ju – den blir aldrig färdig! En etnografisk studie om förskolepedagogers arbete med pedagogisk dokumentation* (doktorsritgerð). Stockholm University, Stokkhólmi.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2001). Starfsaðferðir og sannfæring leikskólakennara. *Uppeldi og menntun*, 10, 149–165.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Reynsla og nám barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki: Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 57–72). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2013). Rannsóknir sem breytingaaff í skólastarfi. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Á sömu leið: Tengsl leikskóla og grunnskóla* (bls. 25–35). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2016). Starfendarannsóknin Leikum, lærum, lifum. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum: Náms svið leikskóla og grunnþættir menntunar* (bls. 11–30). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir, Arna H. Jónsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2013). Sjónarmið leikskólakennara og leiðbeinenda: Áherslur og verkaskipting í leikskólastarfi. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/007.pdf>
- Kemple, K. M. (2004). *Let's be friends: Peer competence and social inclusion in early childhood programs*. New York: Teachers College Press.
- Koshy, V. (2009). *Action research for improving practice. A practical guide*. London: Sage.
- Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir. (2015). Námsögur: Tæki til að meta áhuga, virkni og líðan barna í leikskóla. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/008.pdf>
- Lara-Cinisomo, S., Fuligni, A. S., Daugherty, L., Howes, C. og Karoly, L. (2009). A qualitative study of early childhood educators' beliefs about key preschool classroom experiences. *Early Childhood Research and Practice*, 111(1), 1–17.
- Lee, J. S. (2006). Preschool teachers' shared beliefs about appropriate pedagogy for 4-year-olds. *Early Childhood Education Journal*, 33(6), 433–441. doi:10.1007/s10643-006-0059-1
- Lichtman, M. (2013). *Qualitative research in education: A user's guide* (3. útgáfa). Thousand Oaks: Sage.
- Lindgren-Eneflo, E. (2014). *Dokumentationens dilemman: Förskollärare samtalar om pedagogisk dokumentation* (doktorsritgerð). Umeå University, Umeå, Svíþjóð.
- Luttenberg, J., Oolbekkink–Marchand, H. og Meijer, P. (2017). Understanding the complexity of teacher reflection in action research. *Educational Action Research*, 25(1), 88–102. doi:10.1080/09650792.2015.1136230
- Luttenberg, J., Oolbekkink–Marchand, H. og Meijer, P. (2018). Exploring scientific, artistic, moral and technical reflection in teacher action research. *Educational Action Research*, 26(1), 75–90. doi:10.1080/09650792.2017.1295875

„Þetta þarf að virka hratt og örugglega“: Áskoranir við að þróa aðferðir sem meta nám og vellíðan barna í leikskóla

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Reykjavík: Höfundur
- Menntamálastofnun. (2016a). *HLJÓM-2*. Sótt af <https://mms.is/hljom-2>
- Menntamálastofnun. (2016b). *TRAS*. Sótt af <https://mms.is/tras>
- Moss, P., Dahlberg, G., Grieshaber, S., Mantovani, S., May, H., Pence, A., ... Vandenbroeck, M. (2016). The Organisation for Economic Co-operation and Development's international early learning study: Opening for debate and contestation. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 17(3), 343–351. doi:10.1177/1463949116661126
- OECD. (2011). *Starting Strong III: A quality toolbox for early childhood education and care*. París: Höfundur.
- OECD. (2015). *Starting Strong IV: Monitoring quality in early childhood education and care*. París: Höfundur.
- Rinaldi, C. (2006). *In dialogue with Reggio Emilia: Listening, researching and learning*. London: Routledge.
- Rintakorpi, K. (2016). Documentation with early childhood education teachers: Pedagogical documentation as a tool for developing early childhood pedagogy and practises. *Early Years*, 36(4), 399–412. doi:10.1080/09575146.2016.1145628



Linda R. Jóhannsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir. (2020).

„Þetta þarf að virka hratt og örugglega“: Áskoranir við að innleiða mat á námi og vellíðan barna í einum leikskóla.

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2020/mat\\_nam\\_vellidan\\_barna\\_leikskoli/04.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2020/mat_nam_vellidan_barna_leikskoli/04.pdf)

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.4>